



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 20. janúar 2021.
Málsnr. 1912001

Efni: Beiðni um tilnefningu í starfshóp stjórnar SSH vegna verkefnis um stjórnsýslu byggðasamlaga.

Á 518. fundi stjórnar SSH, hinn 18. janúar 2021, var stjórnsýsla byggðasamlaga til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Kynningarfundur um verkefnið fyrir borgar- og bæjarfulltrúa fór fram hinn 11. desember 2020. Farið yfir niðurstöður þeirra kynningar sem þar fór fram og formuð áframhaldandi vinnu, t.a.m. hvað varðar greiningu verkefna, stefnuráð og starfshóp um verkefnið. Fyrir liggja drög að erindisbréfi starfshóps stjórnar SSH vegna þessa verkefnis.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að óska eftir tveimur tilnefningum frá hverju sveitarfélagi í starfshópinn, einum frá meirihluta sveitarstjórnar og öðrum frá minnihluta. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka drögum að erindisbréfi starfshópsins og leggja fram með erindinu til sveitarfélaganna.

Er hér með óskað eftir tilnefningu tveggja aðila í umræddan starfshóp, en miðað er við að þeir komi úr hópi kjörinna fulltrúa, einn frá meirihluta sveitarstjórnar og annar frá minnihluta.

Hjálögð eru drög að erindisbréfi þar sem nánar er fjallað um hlutverk starfshópsins.

Þess er óskað að tilnefningar berist eigi síðar en föstudaginn 29. janúar nk., og skulu þær berast á netfangið pallbg@ssh.is.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Drög að erindisbréfi starfshóps um stjórnsýslu byggðasamlaga